

Farsæld barna á Suðurlandi

Arna Ír Gunnarsdóttir

Verkefnastjóri farsældarráðs á Suðurlandi

Grunnstoðir farsældar og undirflokkar


MENNTUN	LÍFSGÆÐI OG FÉLAGSLEG STAÐA	HEILSA OG VELLÍÐAN	ÖRYGGI OG VERND	ÞÁTTTAKA OG FÉLAGSLEG TENGL
Færni	Efnisleg lífsgæði	Líkamleg heilsa	Ofbeldi og vanræksla	Virkni
Líðan í skóla	Fjölskyldulíf	Geðheilsa	Öryggi	Almenn þátttaka
Aðgengi að menntun			Áhættuhegðun	Samfélagsmiðlar
				Vínátta



Undirritun samstarfsyfirlýsingar um farsældarráð

Skv. 5 gr. laga nr. 86/2021

Lög um samþættingu þjónustu
í þágu farsældar barna




Markmið samstarfsins um farsældarráð á Suðurlandi:

- að efla og samræma þjónustu við börn og fjölskyldur á Suðurlandi með samþættri, snemmtækri og heildstæðri nálgun
- að styrkja þverfaglegt samstarf og tryggja að farsæld barna sé leiðarljós í stefnumótun og framkvæmd þjónustu í landshlutanum



Farsældarráð mun vinna að eftirfarandi áherslum í samræmi við farsældarlög:


- Samhæfðri og snemmtækri þjónustu við börn og fjölskyldur
- Fjölgun tækifæra barna til náms, frístunda og samfélagsþátttöku, óháð aðstæðum og bakgrunni
- Faglegu samstarfi milli þjónustuveitenda ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila
- Öflugu forvarnarstarfi og stuðningsúrræðum sem stuðla að öryggi, velferð og farsælum þroska barna
- Virku samráði við börn og foreldra
- **Mótun fjögurra ára aðgerðaáætlunar, sem byggir á svæðisbundnum styrkleikum og áskorunum**



Hvað er átt við með svæðisbundinni forgangsröðun aðgerða um farsæld barna?


- *SÓKNARÁÆTLUN* í málefnum barna
- *FJÁRFESTINGAÁÆTLUN* í málefnum barna

Málefni barna eru ekkert minna en harðsnúið efnahagsmál!



Markmið farsældarráðs:

- Tengja saman alla þá þjónustuveitendur sem vinna að málefnum barna á Suðurlandi
- Tengja kerfin og fá betra flæði í þjónustuna
- Brjóta niður sílóin á milli þjónustukerfa og straumlínulaga kerfin
- byggja brýr og göng á milli staða, við ætlum okkur í raun að bora göngin á milli lands og Eyja ásamt því að breikka allar einbreiðu brýrnar á Suðurlandi!
- Tryggja að fjárfestingin sem við erum að setja inn í kerfin okkar skili sér til þjónustunotenda




Eru börn fjárfesting eða eigum við að fjárfesta í börnum?

- Börn eru í raun stærsta fjárfesting sveitarfélaganna
- Um 60% af fjármunum sveitarfélaganna er varið í málefni barna og fjölskyldna eða um 320 milljarðar á ári!
- Þurfum að spyrja okkur hvort við séum að fá ávöxtun í samræmi við þessa gríðarlegu fjárfestingu



Börn eru stærsti og mikilvægasti innviður sjálfbærs samfélags

- Hvernig erum við að fylgjast með fjárfestingunni sem við setjum í þennan innvið, þ.e.a.s. börnin okkar?
- Er fjárfestingin raunverulega að skila sér?




Endurtekin áföll í barnæsku leiða til áhættuhegðunar

- Afleiðingar áfalla eru gríðarlegar fyrir þau börn sem fyrir þeim verða – sérstaklega þegar um endurtekin áföll er að ræða
- Afleiðingarnar koma fram í þeim ákvörðunum sem börnin taka í kjölfarið – hegðun þeirra er leiðin til þess að takast á við þá líðan sem áföllin hafa leitt til
- Því fleiri áföll þeim mun meiri kostnaður fyrir ríki og sveitarfélög
- Um fimmtungur barna sem verður fyrir áföllum hafa annað hvort ekki seigluna sem þarf til þess að takast á við þær áskoranir sem fylgja í kjölfar áfallsins eða fá ekki nægjanlegan stuðning úr umhverfi sínu til þess að úrvinnslu




Sem dæmi er barn sem hefur orðið fyrir 4 eða fleiri áföllum (sem er um 17% barna):

- 6 x líklegra til þess að misnota áfengi
- 2 x líklegra til þess að lenda á örorku
- 34 x líklegra til þess að reyna að taka sitt eigið líf




Kostnaður samfélagsins vegna afleiðinga áfalla í barnæsku:

Áætlaður um 100 milljarðar króna!




Kostnaðurinn kemur m.a. fram í:

- Auknu álagi á heilbrigðiskerfi, aukinni lyfjanotkun, fjölda í endurhæfingu
- Auknu álagi í löggæslu, hjá dómstólum og í fangelsismálum
- Auknum útgjöldum vegna útgreiðslna úr bótakerfum eins og t.d. örorkubætur, atvinnuleysisbætur, húsnæðisbætur, sjúkradagpeningar o.fl.
- Aukið álag í mennta- og félagskerfi vegna mikilla stuðningsparfa tengt hegðunarvanda, vanlíðunar, eineltis, skemmdarverka o.fl.
- Lægri skatttekjur ríkis og sveitarfélaga vegna skertra getu til atvinnupátttöku




Grípum börnin snemma!

- Því fyrr sem við grípum inn í líf barna því betra – snemmtæk íhlutun
- Betra að fjárfesta í fyrsta stigi heldur en að slökkva elda á síðari stigum – heillavænlegra að aðstoða barn í fyrsta bekk heldur en með 36 földu meðlagi í styrktu fóstri 16 ára
- James Hekman Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði sýndi fram á að fjárfesting í fyrstu fimm árum í lífi barns verður alltaf lang arðbærast




Dæmi um arðbær úrræði sem skila mestum árangri:

- **0-5 ára:** foreldrafærninámskeið – snemmtækur stuðningur
- **6-9 ára:** félagsfærniþjálfun, frístundastuðningur, styrking vinatengsla
- **10-12 ára:** Efling foreldrasamvinnu og starf félagsmiðstöðva
- **13-15 ára:** geðræktarverkefni, stafrænar forvarnir
- **16-18 ára:** jafningjafræðsla




Fjárfesting í foreldrafærninámskeiðum er dæmi um arðbært úrræði:

- Gefur foreldrum tæki og tól til þess að takast á við áskoranir tengdar hegðun ásamt því að styrkja sjálfsmynd og efla seiglu barna sinna
- Getur dregið úr ákalli eftir kostnaðarsömum greiningum og aðkomu sérfræðipjónustu skóla o.fl.
- Aukið líkur á að börn ljúki framhaldsskólanámi, fari í frekara nám og skili miklu tilbaka til samfélagsins á fullorðins árum



Sýnum kjark með því að fjárfesta í forvarnarverkefnum með háa ávöxtun

- Þrátt fyrir að árangurinn komi ekki í ljós fyrr en á seinni kjörtímabilum þegar aðrir hafa hugsanlega tekið við stjórn sveitarfélagsins
- Árangur verður ekki mældur í því hvort að núverandi völd nái endurkjöri heldur snýst árangurinn um farsæld barna og þar með farsæld samfélagsins til framtíðar




Farsældarráð Suðurlands

Sveitarfélög	Þjónustunotendur	Þjónustuveitendur
Svf. Árborg	Ungmennaráð	HSu
Vestmannaeyjabær	Foreldraráð	Lögreglan (2)
Hveragerðisbær		Framhaldsskólar (4)
Svf. Ölfus		Svæðisumd. íþróttahéraða
Svf. Hornafjörður		
Rangárþing eystra		
Rangárþing ytra		
Bláskógabyggð		
Mýrdalshreppur		
Hrunamannahreppur		
Flóahreppur		
Skaftárhreppur		
Skeiða- og Gnúpverjahreppur		
Grímsnes- og Grafningshreppur		
Ásahreppur		


Farsældarráð Suðurlands

- Reiknað með að í ráðinu sitji sérfræðingar sveitarfélaganna á sviði fjölskyldu-, fræðslu- og frístundamála
- Kallað eftir tilnefningum frá sveitarfélögum og þjónustuaðilum fljótlega
- U.p.b. 25 fulltrúar í ráðinu



Framkvæmdahópur

- Farsældarráðið tilnefnir sérstakan framkvæmdahóp (u.þ.b. 10 fulltrúar)
- Hópurinn gegnir lykilhlutverki í að brúa bilið milli stefnumótunar og framkvæmdar
- Framfylgir ákvörðunum ráðsins
- Kortleggur/greinir svæðibundna styrkleika og áskoranir



Við höfum öll hlutverki að gegna!

Það þarf í alvöru heilt þorp til að ala upp barn!

